# Síminn hf.
# kt. 460207-0880

Á hluthafafundi Símans hf. þann 26. október 2022 var samþykkt tillaga stjórnar félagsins um að lækka hlutafé félagsins með greiðslu til hluthafa. Greitt var út til hluthafa hlutfallslega í samræmi við hlutafjáreign þeirra í félaginu. Greiðsludagur var 7. nóvember 2022.

Gera þarf grein fyrir þessari lækkun á hlutabréfaeign í Símanum hf. á fylgiskjali RSK 3.19, Hlutabréfaeign - kaup og sala á árinu 2022 sem er að finna í sameiginlegum fylgiskjölum.

Eftir að búið er að færa inn fyrrnefnda hlutafjárlækkun (og kaup og sölu á hlutabréfum í Símanum hf. á árinu 2022 ef um þær var að ræða) ætti nafnverð hlutabréfa í félaginu í árslok 2022 að stemma við hlutabréfaeignina eins og hún er tilgreind á hlutafjármiða (sjá sundurliðunarblað).

Mögulega þarf jafnframt að gera breytingar á fjárhæð arðs svo hún stemmi við upplýsingar á hlutafjármiða (sjá sundurliðunarblað). Sé arður skv. sundurliðunarblaði ekki réttur þarf að gera grein fyrir útreikningi á arði í athugasemdareit 1.4 á forsíðu framtals.

### Upplýsingar um hlutabréfaeign eins og þær birtast á sundurliðunarblaði:

**Hlutabréfa- og stofnfjáreign samkvæmt hlutafjár- og stofnfjármiðum**

| | Staðgr. | Arður | Hlutafé |
|---|---|---|---|
| **Ólöf Stína Friðleifsdóttir** | | | |
| 410109-1239 H & L hf. | 220 | 1.000 | 999 |
| 430185-0589 Fjörefnafóður ehf. | 0 | 0 | 800.000 |
| 530292-2079 Origo hf. | 84.064 | 382.107 | 3.218 |
| **Þórður Helgi Steinsson** | | | |
| 421273-0429 Síldarbassi hf. | 220 | 1.000 | 999 |
| 460207-0880 Síminn hf. | 63.794 | 289.971 | 60.270 |
| | **148.294** | **674.078** | **865.486** |

### RSK 3.19:

| Nafn | Kennitala |
|---|---|
| Ólöf Stína Friðleifsdóttir | 070780-1239 |
| Þórður Helgi Steinsson | 060682-1239 |

**1 - Almenn hlutabréf**

| Almennar upplýsingar | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í lok árs | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/ sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 4101091239 | H & L hf. | 999 | 2.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.000 | 220 | 999 | 2.000 |
| 4212730429 | Síldarbassi hf. | 999 | 2.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.000 | 220 | 999 | 2.000 |
| 4301850589 | Fjörefnafóður ehf. | 800.000 | 1.784.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 800.000 | 1.784.000 |
| 5302922079 | Origo hf. | 10.000 | 250.000 | 0 | 0 | -6.782 | -169.550 | 0 | 0 | 0 | 0 | 382.107 | 84.064 | 3.218 | 80.450 |
| 4602070880 | Síminn hf. | 100.000 | 300.000 | 0 | 0 | -39.730 | -119.190 | 0 | 0 | 0 | 0 | 289.971 | 63.794 | 60.270 | 180.810 |
| Ný lína | Samtals | 911.998 | 2.338.000 | 0 | 0 | -46.512 | -288.740 | 0 | 0 | 0 | 0 | 674.078 | 148.298 | 865.486 | 2.049.260 |

Þessar fjárhæðir eiga að stemma þegar búið er að færa inn hlutafjárlækkunina.

# Hvar finn ég upplýsingarnar?




Á sundurliðunarblaðinu eru upplýsingar um hlutafjáreign, arð og staðgreiðslu samkvæmt innsendum hlutafjármiðum.

**Hlutafjárblaðið RSK 3.19** er í sameiginlegum fylgiskjölum. Hér eru færðar inn upplýsingar um kaup, sölu og aðrar breytingar á hlutafjáreign.

# Málavextir fyrir sýnidæmi um útfyllingu á RSK 3.19

Hér fyrir neðan er dæmi um útreikning á fjárhæðum fyrir útfyllingu hlutabréfablaðsins.

Í dæminu fékk hluthafi í Símanum hf. greiðslu frá félaginu vegna lækkunar á hlutafé þann 7. nóvember 2022. Hann átti hlutabréf að nafnverði 100.000 kr. í félaginu og var það lækkað um 39.730 kr. Hann átti því hlutabréf að nafnverði 60.270 kr. eftir lækkun hlutafjár. Hluthafinn keypti hlutabréfin fyrir nokkru á 300.000 kr. Heildarfjárhæð útgreiðslu hlutafjár til þessa hluthafa var 409.161 kr. Af þessari fjárhæð var tekin staðgreiðsla. Kaupverð á þessari nafnverðslækkun var 119.190 kr. (300.000 kr. * 39,73%). Skattskyldur arður var því 289.971 kr., þ.e. 409.161 kr. að frádregnu kaupverðinu, 119.190 kr. Afdreginn fjármagnstekjuskattur er því 63.794 kr.

# Hvernig færi ég inn hlutafjárlækkunina?

Fara skal inn á hlutabréfablaðið RSK 3.19 til að gera grein fyrir breytingum á hlutabréfaeign. Til að gera grein fyrir hlutafjárlækkuninni í Símanum hf. er smellt á hnappinn sem er milli kennitölu og nafns félagsins.



**RSK 3.19**

**Hlutabréfaeign - kaup og sala 2022**

Yfirlit yfir hlutabréf, kaup og sala á árinu 2022

| Nafn | Kennitala |
|---|---|
| Ólöf Stína Friðleifsdóttir | 070780-1239 |
| Þórður Helgi Steinsson | 060682-1239 |

**Áritun hlutabréfa**

Á eyðublaðið eru árituð nöfn og kennitölur hlutafélaga sem færð voru á þetta yfirlit í fyrra. Fram kemur nafnverð og kaupverð bréfanna í upphafi árs. Einnig eru áritaðar upplýsingar um arð og staðgreiðslu af arði, skv. innsendum hlutafjármiðum. Framteljandi þarf að bæta við upplýsingum um kaup og sölu hlutabréfa á árinu 2022, sem og aðrar breytingar á hlutabréfaeign sinni. **Til að skrá upplýsingar um hlutabréf er smellt á við kennitöluna.**

Nánari upplýsingar um útfyllingu eyðublaðsins

1 - Almenn hlutabréf

| Almennar upplýsingar | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í lok árs | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/ sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 4101091239 | H & L hf. | 999 | 2.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.000 | 220 | 999 | 2.000 |
| 4212730429 | Síldarbassi hf. | 999 | 2.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.000 | 220 | 999 | 2.000 |
| 4301850589 | Fjörefnafóður ehf. | 800.000 | 1.784.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 800.000 | 1.784.000 |
| 5302922079 | Origo hf. | 10.000 | 250.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 10.000 | 250.000 |
| 4602070880 | Síminn hf. | 100.000 | 300.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 100.000 | 300.000 |
| » Ný lína | Samtals | **911.998** | **2.338.000** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **2.000** | **440** | **911.998** | **2.338.000** |

Upplýsingar um breytingar á hlutabréfaeign, þ.m.t. kaup, sölu, lækkun hlutafjár o.fl., ásamt upplýsingum um arð eru færðar inn í þar til gerðar skráningarmyndir sem eru í 3 þrepum. Farið er á milli skráningarmynda með því að smella á hnappana „Áfram“ eða „Til baka“.

Í skráningarmynd í þrepi 2 af 3 skal skrá lækkun hlutafjár í kaflanum „Aðrar breytingar til lækkunar á árinu 2022“. Þar skal velja úr fellilista „Hlutafé lækkað og greitt út“. Lækka skal kaupverð hlutabréfanna um sama hlutfall og nafnverð hlutabréfanna lækkaði um.




Færa þarf inn að breytingin hafi falist í lækkun hlutafjár. Þá þarf að finna út hlutfall lækkunarinnar og lækka nafnverð og kaupverð til samræmis.

# Á ég að færa inn arðinn – hvernig geri ég það?

Við lækkun hlutafjár telst greiðsla til hluthafa sem er umfram kaupverð hlutabréfa til arðs.

Í skráningarmyndinni fyrir arðgreiðsluna (þrep 3 af 3) er arðgreiðslan og staðgreiðslan af arðinum árituð skv. upplýsingum á sundurliðunarblaði, en ef ekkert hefur verið áritað þarf að færa inn upplýsingar um arðinn. Staðgreiðslan verður að vera 22% af arðinum og framtalið leyfir ekki hærri fjárhæð. Þarna skal einnig færa inn dagsetningu útgreiðslunnar sem var 9. desember 2022.

## Upplýsingar á sundurliðunarblaði:

**Hlutabréfa- og stofnfjáreign samkvæmt hlutafjár- og stofnfjármiðum**

| | Staðgr. | Arður | Hlutafé |
|---|---|---|---|
| **Ólöf Stína Friðleifsdóttir** | | | |
| 410109-1239 H & L hf. | 220 | 1.000 | 999 |
| 430185-0589 Fjörefnafóður ehf. | 0 | 0 | 800.000 |
| 530292-2079 Origo hf. | 84.064 | 382.107 | 3.218 |
| **Þórður Helgi Steinsson** | | | |
| 421273-0429 Síldarbassi hf. | 220 | 1.000 | 999 |
| 460207-0880 Síminn hf. | 63.794 | 289.971 | 60.270 |
| | --------------- | --------------- | --------------- |
| | **148.294** | **674.078** | **865.486** |


Þrep 3 af 3

Arður af hlutafé og afdregin staðgreiðsla

Kennitala félags: 4602070880

Nafn félags: Síminn hf.

Arður og staðgreiðsla

Hafi framteljandi fengið greiddan arð af hlutabréfunum á árinu 2022 skal tilgreina hann hér ásamt afdreginni staðgreiðslu og dagsetningu arðgreiðslu. Hafi arður verið greiddur oftar en einu sinni er dagsetning síðustu greiðslu skráð.

| | |
|---|---|
| Dagsetning arðgreiðslu | 07.11.2022 |
| Greiddur arður samtals | 289.971 |
| Afdregin staðgreiðsla | 63.794 |

Ef ekki er um að ræða fenginn arð á árinu þarf **ekki** að fylla þennan kafla út.

Þrep 3 af 3

Áfram

Til baka

Prenta blað

Þessar fjárhæðir eiga að stemma.

Sé arður skv. hlutafjármiða hærri en raunverulegur arður skal gera grein fyrir leiðréttingu á útreikningi á fjárhæð arðgreiðslu og staðgreiðslu af honum í **athugasemdum á forsíðu framtals í kafla 1.4**. Ofgreidd staðgreiðsla mun verða endurgreidd við álagningu.

# Að lokum

Þegar búið er að færa inn framangreindar breytingar eiga upplýsingar um hlutabréfaeign í árslok samkvæmt hlutabréfablaði RSK 3.19 að vera í samræmi við hlutabréfaeign í árslok eins og hún er tilgreind á sundurliðunarblaði.

## Upplýsingar um hlutabréfaeign eins og þær birtast á sundurliðunarblaði:

**Hlutabréfa- og stofnfjáreign samkvæmt hlutafjár- og stofnfjármiðum**

| | Staðgr. | Arður | Hlutafé |
|---|---|---|---|
| **Ólöf Stína Friðleifsdóttir** | | | |
| 410109-1239 H & L hf. | 220 | 1.000 | 999 |
| 430185-0589 Fjörefnafóður ehf. | 0 | 0 | 800.000 |
| 530292-2079 Origo hf. | 84.064 | 382.107 | 3.218 |
| **Þórður Helgi Steinsson** | | | |
| 421273-0429 Síldarbassi hf. | 220 | 1.000 | 999 |
| 460207-0880 Síminn hf. | 63.794 | 289.971 | 60.270 |
| | --------------- | --------------- | --------------- |
| | **148.294** | **674.078** | **865.486** |

## RSK 3.19:

| Nafn | Kennitala |
|---|---|
| Ólöf Stína Friðleifsdóttir | 070780-1239 |
| Þórður Helgi Steinsson | 060682-1239 |

**1 - Almenn hlutabréf**

| Almennar upplýsingar | | Hlutabréfaeign í upphafi árs | | Kaup | | Breyting | | Sala | | | | Arður og staðgreiðsla | | Hlutabréfaeign í lok árs | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 Kennitala hlutafélags | 2 Nafn hlutafélags | 3 Nafnverð | 4 Stofnverð (kaupverð) | 5 Nafnverð keyptra hlutabréfa | 6 Kaupverð | 7 Breyting á nafnverði | 8 Breyting á kaupverði | 9 Söluverð | 10 Nafnverð seldra hlutabréfa | 11 Stofnverð seldra hlutabréfa | 12 Söluhagnaður/ sölutap | 13 Arður | 14 Staðgreiðsla af arði | 15 Nafnverð | 16 Kaupverð (stofnverð) |
| 4101091239 | H & L hf. | 999 | 2.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.000 | 220 | 999 | 2.000 |
| 4212730429 | Síldarbassi hf. | 999 | 2.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.000 | 220 | 999 | 2.000 |
| 4301850589 | Fjörefnafóður ehf. | 800.000 | 1.784.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 800.000 | 1.784.000 |
| 5302922079 | Origo hf. | 10.000 | 250.000 | 0 | 0 | -6.782 | -169.550 | 0 | 0 | 0 | 0 | 382.107 | 84.064 | 3.218 | 80.450 |
| 4602070880 | Síminn hf. | 100.000 | 300.000 | 0 | 0 | -39.730 | -119.190 | 0 | 0 | 0 | 0 | 289.971 | 63.794 | 60.270 | 180.810 |
| Ný lína | Samtals | 911.998 | 2.338.000 | 0 | 0 | -46.512 | -288.740 | 0 | 0 | 0 | 0 | 674.078 | 148.298 | 865.486 | 2.049.260 |

Þessar fjárhæðir eiga að stemma þegar búið er að færa inn hlutafjárlækkunina.